

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 204
20. sept.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1945.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar Waage“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. sept. 1945. 205
29. sept.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hákonar Waage.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Sanitas h.f., að upphæð kr. 5000.00, til minningar um Hákon Waage, sem andaðist hinn 3. október 1943.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk, sem vinnur í verksmiðju Sanitas h.f., ef það verður fyrir sjúkdómum eða tapar atvinnu sinni af öðrum svipuðum orsökum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða á annan öryggan hátt að dómi sjóðstjórnar. Stofnfé má aldrei skerða, og leggjast vextir við höfuðstólinn, þar til er sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, en þá má verja vöxtunum öllum eða að hluta eftir ákvörðun sjóðstjórnar eftir ákvæðum 2. gr., en afgangur vaxta, ef einhver er, leggst þá við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú elztu starfsmenn að starfstíma (karl eða kona) í verksmiðju Sanitas h.f., og sker stjórn hlutafélagsins á hverjum tíma úr því, hvaða menn eru elztir samkvæmt framansögðu. Stjórn sjóðsins ræður úthlutunum úr sjóðnum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu stjórnendur á hverju ári senda stjórn Sanitas h.f. afrit af reikningi sjóðsins til athugunar.

5. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar forseta.

Þannig samþykkt af stjórn Sanitas h.f. hinn 24. sept. 1945.

Sig. Waage.

Matthías Waage.

Baldur Sveinsson.